

150REYKJAVÍK

Reykjavík, 29.5.2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Vísað er í tölvupóst yðar dags. 22. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN), nr. 21/1992 með síðari breytingum (endurgreiðsla lána og niðurfelling) sem lagt er fram á 146. löggjafarþingi 2016-2017, þingskjal 549 – 416. mál sem er efnislega samhljóma frumvörpum sem lögð voru fram á 143. löggjafarþingi 2013-2014, á 144. löggjafarþingi 2014-2015 og aftur á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Lánasjóður íslenskra námsmann sendi inn umsögn og kostnaðarmat vegna fyrri frumvarpa. Vísað er því í fyrri umsagnir sjóðsins hvað varðar kostnaðarmat.

Frumvarpið gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á lögum um LÍN:

1. grein:

- a. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ábyrgð ábyrgðarmanns falli niður við 67 ára aldur sé lánþegi í skilum við sjóðinn. Jafnframt falli niður ábyrgðir ábyrgðarmanns á námslánum við fráfall hans.
- b. Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. um að lán sé í skilum þegar ábyrgðarmaður nær 67 ára aldri er gert ráð fyrir að heimilt sé að fella niður ábyrgðir þrátt fyrir vanskil á námsláni, hafi vanskil ábyrgðartryggðar kröfu stofnast innan þriggja almanaksára undan því ári er ábyrgðarmaður nær 67 ára aldri.

2. grein:

- a. Sett er inn heimildarákvæði um að hægt sé að fella niður eftirstöðvar skuldabréfs að hluta eða í heild, vegna langvarandi veikinda, fötlunar eða örorku skuldara. Nánari útfærsla yrði í reglugerð.
- b. Námslán falla niður þegar skuldari nær 67 ára aldri, sé hann í skilum við sjóðinn og hafi tekið námslánið fyrir 54 ára aldur.
- c. Sama undanþáguákvæði er sett inn hér og gert er í 1.gr. varðandi það að fella megi niður námslán skuldara við 67 ára aldur, þrátt fyrir að námslánið sé ekki í skilum, hafi vanskil skuldara stofnast innan þriggja almanaksára undan því ári er ábyrgðarmaður nær 67 ára aldri.

Eftirfarandi eru athugasemdir Lánasjóðs íslenskra námsmanna varðandi frumvarpið ásamt grófu mati á kostnaði vegna breytinganna:

1. Niðurfelling ábyrgða við 67 ára aldur ábyrgðamanns.

Þau lán sem LÍN veitir eru almennt í dag ekki með ábyrgð þriðja aðila. Breytingin mun þannig að meginstefnu hafa áhrif á námslán í fortíðinni þ.e. á fyrri hluta ársins 2009 og fyrr. Ekki liggja fyrir

upplýsingar um aldur ábyrgðarmanna á útistandandi námslánnum og því erfitt að meta hvaða áhrif þessar breytingar hafa. Þessu til viðbótar eru vísbendingar um að vanskil lána séu hlutfallslega hærri á þeim lánnum sem ekki eru með ábyrgðamenn. Þessi breyting myndi þýða mun meiri afskriftir hjá LÍN en gert er ráð fyrir. Gróft áætlað eru eftirstöðvar námslána sem eru með ábyrgðamenn um 120 milljarðar og því er um verulega hagsmuni að ræða fyrir ríkissjóð.

2. Niðurfelling námslána við 67 ára aldur lántaka.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að námslán falli niður við 67 ára aldur lántakanda sé lánið í skilum. Þrátt fyrir þetta ákvæði er í sömu grein sett undanþáguaákvæði um að samt sé hægt fella lánið niður hafi vanskilin stofnast innan þriggja ára áður en lántakandi og/ eða ábyrgðarmaður verða 67 ára þ.e. allt nema sem nemur þeim afborgunum sem lántakandi hefði átt að greiða á þessu þriggja ára tímabili.

Í greinargerð með frumvarpinu stendur að markmiðið með þessu ákvæði sé: „að koma til móts við þá skuldara sem geta lent í erfiðleikum þegar þeir nálgast eftirlaunaaldurinn auk þess sem reistar eru skorður við því í frumvarpinu að stjórn sjóðsins gjaldfelli lánið allt með stoð í 3. mgr. 11. gr. laganna á nefndu þriggja ára tímabili vegna verulegra vanskila.“

Í raun er hér verið að leggja hömlur á sjóðinn að innheimta námslán lánþega sem eru eldri en 64 ára með sama hætti og námslán yngri lánþega eru innheimt, séu þau í vanskilum. Í raun þyrfti sjóðurinn að bíða með allar innheimtuaðgerðir þar til lántakinn nái 67 ára aldri og semja þá við lántaka eða ábyrgðamann um vanskilin gegn því að lántaki fái eftirstöðvar námslána sinna felldar niður.

3. Niðurfelling námslána við 67 ára aldur hafi lántaki tekið lánið fyrir 54 ára aldur.

Frumvarpið leggur til að námslán falli niður þegar skuldari nái 67 ára aldri hafi hann tekið lánið fyrir 54 ára aldur. Þar sem endurgreiðslur námslána hefjast tveimur árum eftir að námi lauk mun lántaki sem hér um ræðir ná að greiða í u.þ.b. 10 ár af láni sínu. Þar sem meðal endurgreiðslutími námslána eru rúmlega 20 ár og dánartíðni hærri eftir 56 ára aldur má ætla að afskrifa þurfi a.m.k. 50% af námsláninu.

Ekki er sérstaklega fjallað í lagafrumvarpinu um lántakendur, sem eru eldri en 54 ára þegar námslán eru tekin, hversu lengi þeir eiga að greiða af námslánnum sínum eftir að þeir eru orðnir 67 ára. Álykta má því að þessir lántakendur og ellilífeyrisþegar greiði af sínum námslánnum þar til ævi þeirra lýkur.

4. Heimild til að fella niður eftirstöðvar skuldabréfs/námsláns að hluta til eða í heild vegna langvarandi veikinda, fötlunar eða örorku lántakanda.

Hugsanlega er þetta ákvæði til hagsbóta en þá einungis ef fötlunin er varanleg og skerði verulega atvinnumöguleika greiðandans. Mikilvægt er að gæta jafnræðis á milli allra lánþega og því e.t.v. betra ef nákvæm útfærsla á þessu ákvæði væri í lögum en ekki í reglugerð eins og lagt er til í frumvarpinu.

Hér þarf einnig að skoða hver vilji löggjafans er með þessari breytingu. Væntanlega er hér átt við að lán falli niður ef veikindi, fötlun eða örorka á sér stað eftir að lánið er tekið og námi lýkur þ.e. að um sé að ræða forsendubrest hjá lánþega. Ef ekki, þá væri ljóst strax við lánveitingu að ákveðnir þjóðfélagshópar væru á 100% námsstyrk þar sem þegar að afborgun af námsláni kæmi væri lánið niðurfellt á grundvelli veikinda, fötlunar eða örorku. Ef þetta er markmiðið með þessari lagabreytingu þá væri eðlilegar að þeir námsmenn sem myndu falla undir skilgreininguna fengju styrk til að stunda háskólanám annað hvort hjá LÍN eða í gegnum það kerfi sem þeir eru í, með

hækkaðri örorku, framfærslu eða lífeyri sem næmi auknum kostnaði við að vera í námi á meðan á því stæði.

- Þá er gerð athugasemd við greinargerðina í frumvarpinu þar sem segir: „*Lagt er til sú meginregla að greitt skuli af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd eða fram að þeim tíma er lánþegi fellur frá. Lánasjóðurinn hefur unnið út frá því að afskrifa skuldabréf þegar lánþegi fellur frá en með frumvarpinu er sú regla lögfest.*“ , þar sem í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með síðari breytingum stendur: „*Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.*“. Lánasjóðurinn hefur því samkvæmt lögum fellt niður eftirstöðvar námslána við andlát lánþega séu lánin í skilum og því ekki verið að lögfesta það með þessu frumvarpi.

Núverandi stuðningur ríkisins við námsmenn felst m.a. í góðum vaxtakjörum og endurgreiðslum sem taka tillit til tekna greiðenda þannig að greiðslubyrði vegna afborgana námslána sé ásættanleg. Almennt má segja að námstími námslána sé að lengjast og fjárhæð lána námsmanna að hækka sem og aldur námsmanna. Hærri námslán minnka almennt líkur á fullum endurheimtum en afskriftir námslána og vaxtaafsláttur fela í sér verulegan opinberan stuðning við námsmenn. Þetta ásamt fleiri áhættuþáttum eins og niðurfellingu ábyrgðarmanna, aukinnar skuldsetningar lánþega vegna námslána sem og annarra skulda greiðenda námslána þýðir að skoða þarf með heildstæðum hætti hvert framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna þarf að vera og þá ekki síður ef gerðar eru breytingar á lagaumhverfi sjóðsins.

Ljóst er að þessi lagabreyting hefur í för með sér verulegan viðbótarkostnað fyrir ríkissjóð á hverju ári eftir gildistöku laganna. Heildarlánasafn Lánasjóðs íslenskra námsmanna nemur í dag 231,2 milljörðum. Gera má ráð fyrir að á fyrstu 20 árum eftir gildistöku laganna nemi kostnaður ríkissjóðs í formi afskrifta námslána á bilinu 25 – 30 milljörðum króna. Afskriftarkostnaður ríkissjóðs eftir það næmi um 1,5 til 2 milljörðum á ári.

Virðingárfyllst,

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri

